

Viðskiptaskilmálar Límtré Vírnets ehf.

Viðskiptaskilmálarnir gilda um öll viðskipti Límtré Vírnets ehf. (hér eftir nefnt seljandi) og viðskiptamanna þess (hér eftir nefnt kaupandi), annarra en neytenda, í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup eða laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, nema um annað hafi verið samið sérstaklega. Seljandi áskilur sér rétt til að breyta viðskiptaskilmálum án fyrirvara. Þar sem skilmálum þessum sleppir gilda lög um lausafjárkaup nr. 50/2000.

1. Greiðsluskilmálar

Kaupendum ber að greiða reikning í samræmi við þá skilmála sem á honum eru tilgreindir. Athugasemdir við útgefna reikninga skulu berast seljanda með sannanlegum hætti s.s. með tölvupósti eða bréfi, innan 15 daga frá útgáfudegi, að öðrum kosti telst kaupandi hafa samþykkt reikninginn.

Á gjaldfallna reikninga, reiknast hæstu lögleyfðu dráttarvextir, skv. III kafla laga nr. nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma hjá Seðlabanka Íslands. Séu reikningar ógreiddir á eindaga þegar hann er ákveðinn, reiknast dráttarvextir af reikningsskuldinni frá gjalddaga reikningsins.

Seljanda er heimilt að stöðva afhendingu sem samið hefur verið um í áföngum, hafi greiðsla ekki borist vegna fyrri afhendingar. Stöðvun afhendingar er heimil fram að þeim tíma sem gjaldfallnar greiðslur hafa verið inntar af hendi eða lagðar fram fullnægjandi tryggingar.

2. Innheimtukostnaður

Við gjaldfallna skuld leggst allur kostnaður samfara innheimtu skuldarinnar, þ.m.t. innheimtukostnaður vegna innheimtuviðvörunar, milliinnheimtu (ef við á) og löginnheimtu, í samræmi við ákvæði innheimtulaga nr. 95/2008, sbr. reglugerð nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl.

Sé skuld ekki greidd innan þeirra fresta sem kaupanda eru veittir með innheimtuviðvörun og milliinnheimtubrési (ef við á) er reikningsskuld send í löginnheimtu án frekari viðvörunar, og

má kaupandi þá búast við að við skuldina bætist aukinn kostnaður s.s. innheimtupóknun lögmanns, og ýmis réttar-, aðfarar- og fullnustugjöld.

Kaupandi er ávallt hvattur til að semja um kröfuna þá þegar og hann kann að lenda í greiðsluerfiðleikum, svo gera megi sátt og koma ógreiddum kröfum í skil.

3. Vöruskil

Seljandi leggur áherslu á að vara sé skoðuð við móttöku. Vöru er aðeins hægt að skila ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt, nema um annað sé sérstaklega samið:

- Varan er sannanlega gölluð.
- Varan er í sama ástandi og við afhendingu án sjáanlegra skemmda.
- Ekki er búið að vinna vöruna á nokkurn hátt.
- Innan við 15 dagar eru frá afhendingu vörunnar.
- Varan er ekki sérpöntuð.
- Ef varan er í samræmi við ákvæði samnings, hafi verið gerður sérstakur samningur um kaupin.

Við vöruskil fær kaupandi inneignarnótu frá seljanda fyrir andvirði vörunnar. Kostnað af vöruskilum, s.s. flutningskostnað, skjal jafnan draga frá inneignarfjárhæð.

Áhættan af hinu selda hvílir á kaupanda allt þar til seljandinn hefur aftur veitt hlutnum viðtöku.

4. Afhending / Áhættuskipti

Afhending vöru fer ávallt fram á starfsstöð seljanda á umsömdum afhendingartíma, nema um annað sé samið.

Kaupandi ber ábyrgð á vöru frá því tímamarki sem hún telst afhent (áhættuskipti) til hans eða

flutningsaðila ef um sendingu er að ræða, nema um annað sé samið sérstaklega. Ef kaupandi vöru vitjar hennar ekki eða veitir henni viðtöku á réttum tíma (afhendingartíma) og það má rekja til kaupanda eða atvika sem hann varða flyst áhættan yfir á kaupandann þegar hlutur er honum til ráðstöfunar og vanefnd verður af hans hálfu við það að veita hlutnum ekki viðtöku.

Ef kaupandi á að vitja vörunnar annars staðar en hjá seljanda flyst áhættan yfir til kaupanda þegar afhendingartíminn er kominn og kaupanda er kunnugt um að varan er honum til ráðstöfunar á afhendingarstaðnum. Þegar áhættan af hinni seldu vöru hefur flust yfir til kaupanda fellur skylda hans til þess að greiða kaupverðið ekki niður þótt varan eftir það farist, skemmist eða rýrni ef um er að ræða atvik sem ekki verða rakin til seljanda.

Sé vara ekki sótt á starfsstöð seljanda innan fimm (5) daga, áskilur seljandi sér rétt til þess að krefja kaupanda um geymslu- og/eða umsýslugjald samkvæmt gildandi gjaldskrá seljanda.

5. Sendingar

Kaupandi ber ávallt allan kostnað af sendingu vöru, nema um annað sé samið sérstaklega.

6. Afhendingardráttur

Verði dráttur á afhendingu vöru til kaupanda vegna aðstæðna sem seljandi fær ekki við ráðið (force majeure) ber seljandi ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem verða kann vegna afhendingardráttarins. Hið sama gildir ef seinkun verður á afhendingu vöru er kemur seint eða gölluð frá erlendum birgja.

7. Afpöntun

Kaupanda er óheimilt að afpanta vöru ef um sérpöntun er að ræða, og skal greiða allt það tjón sem seljandi verður fyrir vegna afpöntunarinnar, nema

greiðsludráttur vörunnar leiði til þess að tilgangur kaupanda með kaupunum raskist verulega. Ef svo er skal seljandi greiða kaupanda þá fjárhæð sem greidd hefur verið.

8. Ábyrgð vöru og takmörkun ábyrgðar

Ábyrgðartími er samkvæmt íslenskum kaupalögum og gildir reikningur sem ábyrgðaskírteini. Ábyrgð seljanda nemur aldrei hærri fjárhæð en kaupandi greiddi fyrir vöruna í upphafi.

Ef í ljós kemur á ábyrgðartíma að vara sé haldin framleiðslu- og/eða efnisgalla hefur seljandi heimild til að bæta á eigin kostnað úr gallanum með öflun varahluta og/eða viðgerð. Kaupandi ber sjálfur ábyrgð á kostnaði við að flytja vöru til viðgerðar. Það telst ekki til galla ef vara hefur verið meðhöndluð, unnin, skeytt við fasteign, notuð eða farið með hana á annan hátt en mælt er fyrir um í leiðbeiningum seljanda og framleiðanda vörunnar, sem finna má á heimasíðu seljanda, á heimasíðu framleiðanda eða hafa verið afhentar kaupanda sérstaklega af hálfu seljanda.

Kaupandi á engar kröfur á hendur seljanda vegna eiginleika hins keypta sem hann varð var við eða mátti verða var við við kaupin.

Seljandi ber enga ábyrgð á afleiddu tjóni vegna galla eða bilunar vöru á ábyrgðartímanum. Þá ber seljandi ekki ábyrgð á afleiddu tjóni sem verða kann af notkun vörunnar.

Seljandi ber í engum tilvikum ábyrgð á rekstrartapi kaupanda eða öðru óbeinu tjóni hans, þ.m.t. glötuðum ágóða eða ráðgerðum sparnaði, hvort sem tjónið er rakið til galla, skemmda eða eyðileggingar á hinu keypta.

9. Lögsaga og varnarþing

Rísi ágreiningur milli samningsaðila á grundvelli samningsins má vísa honum til Héraðsdóms Vesturlands til úrlausnar.